

AUGLÝSING

um breytingu á gjaldskrá Selfossveitna, nr. 210/2008, með síðari breytingum.

Samkvæmt vatnalögum nr. 15, 20. júní 1923, með síðari breytingum og orkulögum nr. 58 frá 29. apríl 1967, með síðari breytingum, hefur ráðuneytið staðfest eftirfarandi breytingu á gjaldskrá Selfossveitna er öðlast gildi við birtingu.

Gjaldskrá Selfossveitna, nr. 210, 27. febrúar 2008, með síðari breytingum, breytist þannig:

1. gr.

1. hluti hljóðar svo:

1. HLUTI Sölutaxtar, stofngjöld og innheimta.

I. Sölutaxtar.

Verð er án virðisaukaskatts og sérstaks skatts af heitu vatni.

Á tilgreindar upphæðir leggst virðisaukaskattur eins og hann er hverju sinni og kveðið er á um í viðeigandi lögum og reglugerðum.

Greiða skal í ríkissjóð sérstakan skatt af heitu vatni. Heimilt er að miða innheimtu skatts af heitu vatni við áætlaða sölu. Fjárhæð skatts af heitu vatni skal vera 2% af smásöluverði.

I.a Afnot af heitu vatni.

Almennir taxtar		Einingar	Grunngjald
H.1	Heitt vatn um rennismæli		
	Heimili og íbúðir	kr./m ³	89,3
	Fastagjald	kr./ár	11.730,6
H.2	Heitt vatn um rennismæli		
	Stórnotendur ≥1"	kr./m ³	89,3
	Fastagjald	kr./ár	16.696,7
Sértaxtar			
H.5	Heitt vatn um hemil		
	Heitt vatn um hemil	kr./mín/ár	24.797,0
	Fastagjald	kr./ár	16.696,7
H.6	Heitt vatn um rennismæli		
	Almenningssundlaugar		
	Sumar 1. maí - 30. september	kr./m ³	45,2
	Vetur 1. október - 30. apríl	kr./m ³	54,3
	Fastagjald	kr./ár	30.138,6

*II. Stofngjöld hitaveitu.**II.a Þéttbýlisstaðir, Eyrarbakki, Selfoss og Stokkseyri.*

	Grunngjald kr.
Íbúðarhúsnæði, einbýli	142.642
Einingarverð umfram 500 m ³ húsnæðis	123

II.b Holtabyggð, Tjarnabyggð, byggð við Votmúlaveg og bæir austan við Stokkseyri.

	Grunngjald kr.
Heimæð, DN 20 stál eða PEX-25	515.999
Heimæð, DN 25 stál eða PEX-32	1.031.999

III. Innheimta og lokanir.

	kr.
Innheimtugjald	1.026
Lokunargjald	3.239

Skýringar:

Öll gjöld hafa verið hækkuð um 12,5%.

Texta í lið II.b hefur verið breytt á þann hátt að í stað „Holtabyggð, Tjarnabyggð og byggð við Votmúlaveg“ kemur textinn: *Holtabyggð, Tjarnabyggð, byggð við Votmúlaveg og bæir austan við Stokkseyri.*

Iðnaðarráðuneytinu, 12. janúar 2012.

F. h. r.

Kristján Skarphéðinsson.

Erla Sigríður Gestsdóttir.